



Reykjavík 02.02.2017

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. febrúar 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Götuheiti

Lögð fram tillaga nafnanefndar dags. 18. janúar 2017 að nýjum götu- og torganöfnum í Grafarvogi, Vogabyggð, Háskóla Íslands Vísindagarðar og torg á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu.

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

Umhverfis og skipulagsráð leggur fram þá tillögu að nafnið á Jónasartorgi verði Jónasar Hallgrímssonar torg.

Samþykkt

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir bókar:

"Hverfisráð Grafarvogs óskaði eftir því við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að skipta um nafn á götu í hverfinu þ.e. "Hallsvegur" myndi framvegis vera nefndur "Fjölnisbraut" Með tillögunni fylgdi góð röksemdarfærsla og skýring á hvernig vegur þessi liggur meðfram keppnisíþróttavelli hverfisins og sundlaug og tengir saman fristundasvæðið við Gufunes og íþróttasvæði Egilshallar. Um er að ræða veg sem engin hús eru við og truflar það því enga starfssemi að breyta um nafn rétt eins og þegar Bratthöfða var gefið nafnið Svarthöfða og verið var að vitna í persónu í frægri bíómyndaröð. Nafnið Hallsvegur virðist ekki festast í huga íbúa hverfisins þ.e. íbúar Grafarvogs vita almennt ekki hvað vegur þessi heitir. Fyrir eru til götur í Reykjavík sem hafa tengingar við íþróttafélögin s.s. Fylkisvegur í Árbænum en vegur sá liggur einmitt að íþrótt- og sundlaugamannvirkjum hverfisins. Það er mat fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina að röksemdafærslan sé það sterk með málinu að Umhverfis og skipulagssvið eigi að samþykkja tillög þessa, "Hallsvegur" verði "Fjölnisbraut"

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Marta Guðjónsdóttir bóka:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Marta Guðjónsdóttir, telja að kynna hefði nafnabreytingu á Hallsvegi betur fyrir íbúum og hverfisráði áður en ákvörðun er tekin. Hallsvegur tengir mörg hverfi Grafarvogs og liggur nærri íþróttafélaginu Fjölni og því hefði verið vel við hæfi að nefna götuna eftir félaginu enda er það í samræmi við óskir íbúa hverfisins."

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: tillaga nafnanefndar dags. 18. janúar 2017.

Nafnanefnd



Nafnanefnd

Fundargerð

18. janúar 2017

46. fundur, haldinn að Borgartúni 14, 6. janúar, 2017, kl. 14:30.

Á fundina mættu: Ármann Jakobsson, Guðrún Kvaran, Borghildur Sturludóttir og Nikulás Úlfar Másson. Ásrún Kristjánsdóttir boðaði forföll.

Þetta gerðist:

Hallsvegur - Fjölnisbraut

Með bréfi, dags. 12. október 2016, er greint frá samþykkt hverfisráðs Grafarvogsvogs frá 11. október 2016 um að leggja það til við umhverfis- og skipulagsvið Reykjavíkurborgar að skipt verði um nafn á götu í hverfinu þ.e. að Hallsvegur verði framvegis nefndur Fjölnisbraut.

Tillaga nafnanefndar: neikvætt.

Greinargerð:

Heiti gatna er hluti af þróunarsögu Reykjavíkur og myndar því stóran kafla í safni örnefna í landi Reykjavíkur. Það er að öllu jöfnu ekki talið rétt að breyta götuheitum og teljast þau rök að um mikilvæga starfsemi sé að ræða ekki nægjanleg ástæða til að breyta eldri götuheitum. Ef af breytingu yrði skapaðist slæmt fordæmi, þar sem vænta má að mörg starfsemin teldi sig til þess komin að eftir henni yrði nefnd gata í Reykjavík.

Vogabyggð

Óskað hefur verið eftir tillögu nafnanefndar að heiti nýrrar götu í 1. hluta Vogabyggðar. Gatan liggur til austurs frá mótum Kleppsmýrarvegjar og Kjalarvogs. Lagt er til að gatan verði nefnd **Barkavogur**. Þetta er fornt skipsheiti, í anda fyrri nafngifta í hverfinu.

Torg á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu

Nafnanefnd hefur verið beðin um að taka afstöðu til tillögu um að torgið á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu verði nefnt **Bæjartorg**.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögu:

Árið 1884 var fyrsta bryggjan á vegum yfirvalda í Reykjavík byggð. Bryggjan lá beint út frá Pósthússtræti og var hún byggð á þeirri hugsjón að vera fyrsta bryggjan sem almenningur hefði frjálstan aðgang að. Bryggjan fékk heitið Bæjarbryggja en fram að því höfðu allar bryggjur við höfnina verið reistar ef kaupmönnum og báru þær nöfn þeirra. Einungis 8 árum eftir að Bæjarbryggja var reist var ráðist í endurbætur á bryggjunni og hluti hennar sem var úr tré var hlaðinn úr grjóti. Eftir það var bryggjan kölluð Steinbryggjan og nafn Bæjarbryggju féll í gleyskunnar dá.

Tillaga nafnanefndar: samþykkt.

Vogabyggð



Torg á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu



Bæjartorg

Háskóli Íslands - Vísindagarðar

Beðið hefur verið um tillögur að nöfnum á nýjar götur í svo kölluðum Vísindagörðum í Vatnsmýri, sem afmarkast af Eggertsgötu, Sæmundargötu, Sturlugötu og Njarðargötu. Lagt er til að götumar og torgið í miðju svæðisins verði nefnd eftirfarandi nöfnum:

1. **Bjarnargata**, kæmi í stað Njarðargötu sunnan Hringbrautar: Kennd við Björn M. Ólsen (1850-1919), fyrsta rektor Háskóla Íslands sem jafnframt var merkur vísindamaður.

2. **Torfhildargata**: Lægi hliðstætt Bjarnargötu, vestan við hana: Kennd við Torfhildi Hólm (1845-1918), fyrsta Íslendinginn sem hafði atvinnu að ritstörfum.


3. **Bjargargata**: Hliðstæð Torfhildargötu, vestan við hana: Kennd við Björgu Caritas Þorláksson (1874-1934), fyrstu íslensku konuna sem lauk doktorsprófi.

4. **Ingunnargata**: Hliðstæð öllum ofannnefndum götum, vestan við (næst Sæmundargötu). Hún er kennd við Ingunni Arnórsdóttur sem er einn elsti nafngreindi kennari á Íslandi og fyrsta konan en um hana segir í Jóns sögu biskups: „...Þar var og í fræðinæmi hreinferðug jungfrú, er Ingunn hét. Öngum þessum var hún lægri í sögðum bóklitum, kenndi hún mörgum grammaticum og fræddi hvern er nema vildi; urðu því margir vel menntir undir hennar hendi.“

5. **Jónasartorg**: Milli Ingunnargötu og Bjargargötu, eins konar hverfismiðja. Kennd við vísindamanninn og skáldið Jónas Hallgrímsson (1807-1845) sem enn hefur hvergi verið minnst með götuheiti í Reykjavík.

Öll þessi heiti voru upphaflega fundin eftir mikla umræðu árið 2010 en starfshópurinn telur þau enn góð og gild.

Háskóli Íslands - Vísindagarðar



Tillögur að götuheitum í
Vísindagörðum:

- Bjarnargata
- Torfhildargata
- Bjargargata
- Ingunnargata
- Jónasartorg